



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson


Skútustaðahreppur

22. nóvember 2017 – Pistill nr. 23

32% fólksfjölgun á 4 árum

Líklega hefur Skútustaðahreppur sett einhvers konar Íslandsmet í fólksfjölgun undanfarin fjögur ár. Síðan 2013 hefur íbúum fjölgað úr 370 í 490 talsins sem er hvorki meira né minna en 32% fólksfjölgun.

Á einu ári hefur íbúum fjölgað um 16%, eða úr 425 í 493. Um 120 manns hafa annað ríkisfang en íslenskt eða um 24%. Fólksfjölgunin endurspeglar m.a. í mikilli aukningu leikskólabarna undanfarin misseri og er gaman að sjá ungt fjölskyldufólk snúa til baka í heimahagana.



Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi hefur sveiflast nokkuð í gegnum tíðina. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru þeir fæstir hér 276 talsins árið 1910 en flestir árið 1980 eða 547 sem var í miðjum Kröflueldum. Þetta var á árum Kísiliðjunnar og hélst fólksfjöldinn yfir 500 allt til ársins 1994 en þá fór hann niður í 497 íbúa.

Eftir það fækkaði íbúum smátt og smátt. Kísiliðjuni var lokað í nóvember 2004 en þá voru íbúar 442. Í kjölfarið fór að halla verulega undan fæti og fór fólksfjöldinn niður í 370 árið 2013. Síðan þá hefur þróunin snúist við, til allrar hamingju.

Íbúafjölgunina undanfarin ár má án nokkurs vafa fyrst og fremst rekja til uppgangs ferðaþjónustunnar og að hún er orðin að heilsárs atvinnugrein í meira mæli en áður. Hér hafa m.a. verið byggð tvö stór hótél og stofnuð afþreyingarfyrirtæki í ferðaþjónustu sem þarfnast meiri mannafla. Jarðböðin hafa m.a. brugðist við aukinni eftirspurn á fasteigna-markaði með því að byggja sjö íbúðir í tveimur raðhúsum í Klappahrauni. Sveitarfélagið vinnur nú að gerð húsnæðisáætlunar til næstu 10 ára til að reyna að kortleggja eftirspurnina. Afrakstur þeirrar vinnu mun liggja fyrir á næstu vikum. Þessi mikla fólksfjölgun þýstir á innviði sveitarfélagsins, sérstaklega á leikskólann þar sem mikil aukning hefur verið undanfarin misseri. En þetta er fyrst og fremst jákvæð áskorun og sveitarfélagið hefur brugðist við þessu með talsverðum breytingum á leikskólanum síðustu misseri. Það er ástæða til þess að horfa bjartsýn fram á veginn í Mývatnssveit.



Samstilltir Mývetningar

Áfangastaðaáætlun DMP á Norðurlandi var með fund í síðustu viku á Húsavík. Undanfarna mánuði hefur Markaðsstofa Norðurlands unnið að áfangastaðaáætlun fyrir Norðurland.

Verkefnið snýst um að skipuleggja og samhæfa þróun og stýringu á öllum þeim þáttum sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Á fundinum var ákveðið hver forgangsverkefni hagsmunaaðila á svæðinu verða. Vel var mætt af ferðapjónustuaðilum úr Mývatnssveit eins og meðfylgjandi mynd ber með sér. En niðurstaða kosningarinnar um forgangsverkefni var þessi:

1. Dettifossvegur – 2. Þeistareykir. 3. Göngu- og hjólréiðastígur umhverfis Mývatn.
4. Hverirnir, Leirhnjúkur og Víti.



Frábær árshátíð Reykjahlíðarskóla

Árshátíð Reykjahlíðarskóla fór fram á dögnum. Ég var viðstaddur og er óhætt að segja að nemendurnir okkar hafi blómstrað á sviðinu. Yngsta stigið sýndi leikrit, fór með gamanmál og tók lagið við undirleik Stefáns Jakobssonar. Miðstigið sýndi líka stórskemmtilegt leikrit og elsta stigið bauð að vanda upp á mjög metnaðarfulla leikskýningu. Kærar þakkir nemendur og starfsfólk Reykjahlíðarskóla fyrir frábæra kvöldstund.



Aðventuhreyfing í Mývatnssveit - Hlaup, ganga, skokk, hjól eða gönguskíði!

Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps stendur fyrir aðventuhreyfingu aðra helgi í desember, laugardaginn 9. desember 2017. Allir sem hafa áhuga á hreyfingu á einn eða annan er velkomnið að taka þátt. Engin tímataka verður heldur fer hver á sínum hraða.

Mæld verður 10 km braut, hún verður 5 km hvora leið en þátttakendur ráða sjálfir vegalengdinni sem þeir fara. Aðventuhlaupið hefst kl. 11.00 og



þátttakendur skrá sig á staðnum, því er um að gera að mæta tímanlega. Þátttakendur fá hressingu í lok hlaups og dregningur verður út veglegir vinningar þannig að allir eiga jafna möguleika á að vinna.

Þáttökugjald er gleði og bros. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna sem velur hvaða hreyfingu hún kys að nota, eins og t.d. ýta kerru, toga snjósleða, hlaupa, ganga, hjóla eða fara á gönguskíði!

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag og því hvetjum við alla til þess að taka þátt.

Fylgiskjöl fundargerða aðgengileg

Ákveðið hefur verið að birta fylgiskjöl fundargerða sveitarstjórnar og nefnda á nýrri heimasíðu sveitarfélagsins. Ávallt hefur verið hægt að óska eftir að fá fylgiskjöl nefndafunda afhent eftir að fundi lýkur, en birting fylgiskjala á heimasíðunni gerir fólki kleift að lesa á auðveldan hátt það sem liggur að baki ákvörðunum kjörinna fulltrúa og eflir þar með opinbera stjórnsýslu og þjónustu við almenning. Innleiðingin á þessu nýja fyrirkomulagi hófst eftir sveitarstjórnarfundinn 8. nóvember og verður að fullu lokið um áramót. Munu því fylgiskjöl allra nefnda verða gerð aðgengileg eftir þann tíma. Við birtingu fylgiskjala er farið eftir upplýsingalögum nr. 140/2012 sem nálgast má á heimasíðu Alþingis.

Aðalfundur Eypings-Almenningssamgöngur

Aðalfundur Eypings, var haldinn 10. og 11. nóvember 2017, í Fjallabyggð. Sveitarstjóri og

Yngvi Ragnar Kristjánsson oddviti sátu aðalfundinn fyrir hönd Skútustaðahrepps. Aðalfundur Eypings samþykkti ályktun, m.a. um almenningssamgöngur. Samningar um rekstur almenningssamgangna á vegum landshluta-samtakanna rennur út á árinu 2018. Aðalfundur Eypings telur ekki grundvöll fyrir áframhaldandi rekstri nema til komi stóraukið framlag frá ríkinu til rekstrarins. Felur aðalfundur stjórn Eypings að nýta uppsagnarákvæði samningsins. Þá fagnar aðalfundurinn framkomnum hugmyndum um niðurgreiðslu á innanlandsflugi og skorar á stjórnvöld að fylgja því máli eftir.



Frábærir tónleikar

Tónleikar í tilefni af 100 ára fæðingarársmæli Ellu Fitzgerald sönkonu fóru fram í Reykjahlíðarkirkju á dögnum. Ella hefði orðið 100 ára 25. apríl síðastliðinn. Mývetningurinn Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir söngkona fór fyrir tónlistarfólkinu og þar er á ferð gríðarlega öflug söngkona sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni. ærar þakkir fyrir frábæra tónleika.



HRÓS DAGSINS...

fær Kjörbúðin sem opnaði formlega síðasta föstudag í Reykjahlíð. Kjörbúðin byggir á gömlum grunni og ánægjulegt að finna hvað vöruverð hefur lækkað og þjónustan er enn fyrsta flokks.

Náðu tökum á lestrarnáminu á skemmtilegan hátt við eldhúsbörðið heima

Margir foreldrar vilja hjálpa börnum sínum við lestrarnámið en vita ekki hvernig best er að bera sig að. Á námskeiðinu eru kynntar árangursríkar, fjölbreyttar og skemmtilegar leiðir til að æfa bókstafi, hljóð og hljóðtengingu.

Á námskeiðinu er fjallað um:

- Leiðir til að efla lestrarkunnáttu 5 - 7 ára barna á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt.
- Leiðir til að velja viðfangsefni og greina vanda.
- Hvernig ná má góðum árangri með stuttum og hnitmiðuðum æfingum.

Fyrir hverja:

Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja efla lestrarkunnáttu barna sinna heima við á fjölbreyttan, skemmtilegan og hnitmiðaðan hátt.

Kennari: Helga Kristjánsdóttir, leik- og grunnskólakennari.

Hvar og hvenær: Reykjahlíðarskóli.

Miðvikudaginn 29. nóvember kl. 17:00 – 19:00.

Skráning í síma 464-5100 og á hac@hac.is

Verð: 4.500 kr.



Stór áfangi

Það var stór stund síðasta föstudag þegar jarðvarmastöðin að Þeistareykjum var gangsett. Sveitarstjórar og oddvitar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps voru í hátíðarskapi í tilefni dagsins. Frá vinstri: Þorsteinn sveitarstjóri, Yngvi Ragnar oddviti, Arnór oddviti og Dagbjörg sveitarstjóri.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförunu og má þar nefna haustfund Hérðansnefndar Þingeyinga, ráðstefnu um nýja reglugerð um persónuvernd, aðalfund Eypings, með formanni Mýsköpunar, stýrihóp skólastefnu, DMP áætlun á Húsavík, með Umhverfisstofnun, var viðstaddur gangsetningu Þeistareykjavirkjunar og margt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri